

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/718**  
**komudagur 4.12.2007**

135. löggjafarþing 2007 – 2008

Reykjavík 3. desember 2007

þskj. 17 – 17. Mál

Umsögn um frá Menntaskólanum við Hamrahlíð

Sigurborg Matthíasdóttir

Rektor

Við í Menntaskólanum við Hamrahlíð fögnum mjög framkomnu frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum til viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Í heild list okkur mjög vel á þessar breytingar og teljum þær til mikilla bóta. Að höfðu samráði við Þóreyju Aðalsteinsdóttur táknmálstúlk og Valgerði Garðarsdóttur sérkennara eru settar fram eftirfarandi athugasemdir. Lagt er til að allstaðar þar sem rætt er um *aðstoð táknmálstúlks* eða *með aðstoð túlks* sé orðalagi breytt og notað *þjónustu táknmálstúlks*. Áherslan er á þjónustu, sem felst í túlkun af einu tungumáli yfir á annað en ekki aðstoð sem m.a. felur í sér leiðbeiningar við úrlausn.

Athugasemdir við einstakar greinar:

I. Kafli

3. gr.

Seinni hluti greinarinnar breytist

... á rétt á *að fá* verði *þjónustu* táknmálstúlks og *sér til aðstoðar* falli brott.

5. gr.

Í fyrstu setningu ...*að fá aðstoð* verði *þjónustu*

Í annarri setningu breytist ... rétt á *að hafa samband* verði *þjónustu túlks þegar hann hefur samband við lögmann sinn en með aðstoð túlks* hverfi brott.

7. gr.

Fella brott *til aðstoðar* á eftir orðinu táknmálstúk.

10. gr.

Fella brott *til aðstoðar* á eftir orðinu táknmálstúk.

11. gr.

Fella brott *til aðstoðar* á eftir orðinu táknmálstúk.

## II. Kafli

12. gr.

Greinin breytist þannig að á eftir *á rétt á þjónustu* bætist inn *táknmálstúlks* eða heilbrigðisstarfsmanns sem kann táknmál en í lok setningar falli brott *eða táknmálstúlks*.

## III. Kafli

18. gr.

Seinni hluti setningar frá og með *og ber að tryggja..* falli niður en í staðinn komi ný setning svohljóðandi *Nemendum sem nota íslenska táknmálið ber að tryggja kennslu í íslensku táknmáli og fulla þjónustu táknmálstúlka í öðrum fögum.*

19. gr.

Við vitum ekki betur en að þessi grein sé þegar fyrir hendi í aðalnámskrá frá 1999 en skoða þarf ný frumvörp til skólamála með þessar greinar í huga.

Virðingarfyllst

---

Sigurborg Matthíasdóttir

rektor Menntaskólans við Hamrahlíð